



Tónsköpunarverðlaun
barna og ungmenna

UPPTAKTURINN 2018

Tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna

HARPA

MEÐ UPPTAKTINUM ER UNGT FÓLK HVATT TIL AÐ SETJA SAMAN TÓNSMÍÐ / DRÖG AÐ TÓNSMÍÐ ÓHÁÐ TÓNLISTARSTÍL OG SENDA INN MEÐ ÞAÐ Í HUGA AÐ FÁ TÆKIFÆRI TIL AÐ FULLVINNA VERKEFNIÐ MEÐ AÐSTOÐ FAGMANNA.

Hugmyndin skal hafa borist í síðasta lagi 12. febrúar 2018 á netfangið upptakturinn@gmail.com með nafni höfundar, aldri, símanúmeri, tölvupóstfangi, titli verks og verkinu á nótum eða mp3 hljóðskrá.

Þau verk sem valin verða, verða fullunnin með fulltingi listamanna og afraksturinn má sjá og heyra á lokatónleikum á opunarhátíð Barnamenningarhátíðar þann 17. apríl 2018 í Silfurbergi í Hörpu. Þar munu atvinnuhljóðfæraleikarar flytja verkin en ungmennin sitja á meðal áheyrenda.

Nánari upplýsingar á harpa.is/upptakturinn

Facebook: upptakturinn



HARPA
TÓNLISTAR- OG
RÁÐSTEFNUHÚSIÐ
Í REYKJAVÍK

 LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

 RÚV

 BARNA
MENNINGARHÁTÍÐ



Tónsköpunarverðlaun
barna og ungmenna

Upptakturinn slær taktinn á nýju ári.

Með Upptaktinum, Tónsköpunarverðlaunum barna og ungmenna, er ungu fólki gefið tækifæri til að senda inn tónsmíð eða drög að henni og vinna markvisst úr hugmyndum sínum með fulltingi listamanna. Afrakstur þeirra vinnu má sjá og heyra á lokatónleikum Upptaktsins á opunarhátíð Barnamenningar þann 17. apríl 2018 í Silfurbergi í Hörpu. Þar leika atvinnuhljóðfæraleikarar verk barnanna en ungmennin sitja á meðal áheyrenda.

Upplýsingar:

Upptakturinn - Tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna varð til árið 2012 og hefur frá upphafi fengið frábærar viðtökur. Alls hafa verið send inn um 200 tónverk eftir um 140 ungmenni. Tólf til þrettán tónverk komast áfram í hvert sinn til frekari úrvinnslu.

Nú blásum við aftur til leiks og kynnum nýjan Upptakt 2018. Upptakturinn er samstarfsverkefni Barnamenningarhátíðar, Hörpu og Listaháskóla Íslands og er opinn 10–15 ára ungmennum á höfuðborgarsvæðinu. Áhersla er lögð á að hvetja börn og unglunga til að semja sína tónlist og styðja þau í fullvinnslu hugmynda. Ungmennin sem komast áfram taka þátt í tónlistarsmiðju með nemendum Skapandi tónlistarmiðlunar við Listaháskóla Íslands auk þess að vinna að tillögum að útsetningum verkanna undir leiðsögn nemenda Tónsmíðadeildar Listaháskóla Íslands.

Að þessu ferli loknu höfum við eignast nýtt tónverk sem við getum flutt á tónleikum og varðveitt síðan með upptöku. Sjá nánar upplýsingar um Krakkarúv hér neðar.

Upptakturinn hefur til þessa verið opinn öllum grunnskólum- frístundastöðvum og tónlistarskólum Reykjavíkur en að þessu sinni hefur verið opnað fyrir þátttöku nágrannasveitafélaga höfuðborgarinnar og gefst því ungmennum frá Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Garðabæ einnig kostur á því að taka þátt.

Markmið með Upptaktinum eru þríþætt:

Markmiðin eru þríþætt.

Sköpun

- Að stuðla að tónsköpun ungs fólks og hvetja börn og unglunga til að semja eigin tónlist.

Skráning

- Að aðstoða börn og unglunga við að fullvinna hugmyndir sínar í vinnusmiðju og varðveita þannig tónlistina.

Flutningur

- Að gefa börnum og unglungum tækifæri á að upplifa eigin tónlist í flutningi fagfólks við kjöraðstæður á tónleikum í Hörpu.

Reglur:

- Öllum börnum á höfuðborgarsvæðinu sem stunda nám í 5. – 10. bekk er heimilt að taka þátt í Upptaktinum og senda inn tónsmíð óháða tónlistarstíl.
- Þátttakendum er skipti í yngri hóp 5.-7. bekkur og eldri hóp 8.- 10. bekkur.
- Þeir sem komast áfram taka þátt í vinnustofu með fagfólki.
- Lengd tónverks skal vera 3 -7 mínútur að hámarki bæði einleiks og samleiksverk fyrir allt að 5 flytjendur
- Skila þarf tónsmíð inn í hefðbundinni eða grafískri nótnaskrift eða með hljóðritun.
- Hugmyndir s.s. upptökur, nótur, texti eða grafísk lýsing má senda rafrænt á netfangið upptakturinn@gmail.com

Skilafrestur hugmynda er til og með 12. febrúar 2018

Dómnefnd

Eftirtaldir fagmenn sitja í dómnefnd og velja 12- 13 verk úr innsendum hugmyndum: Unnsteinn Manuel Stefánsson, Ragnhildur Gísladóttir, Steinunn Birna Ragnarsdóttir, Sigfríður Björnsdóttir og Páll Ragnar Pálsson.

Tónsmíðja í Hörpu 6.-16. mars 2018

Þau verk sem verða fyrir valinu verða fullunnin í vinnustofu með aðstoð tónskálda og fagfólks í tónlist. Vinnustofan fer fram í Hörpu, dagana 6. - 16. mars. Að því ferli loknu hafa orðið til ný tónverk.

Tónleikar í Hörpu 17. apríl 2018

Þriðjudaginn 17. apríl verða tónverkin flutt á metnaðarfullri og glæsilegri tónleikadagskrá í Silfurbergi-Hörpu en tónleikarnir eru hluti af opunarhátíð Barnamenningar í Reykjavík. Hljóðfæraleik og framkvæmd annast fagfólk í tónlist.

Tónsköpunarverðlaunin

Öll verkin sem flutt verða á tónleikunum hljóta tónsköpunarverðlaunin, Upptaktinn 2018, veglegt tónlistaregg, hannað af Ingu Elínu listakonu.

Heimasíða og facebooksíða

Upplýsingar um Upptaktinn á íslensku og ensku má finna á heimasíðu Hörpu: harpa.is/upptakturinn og facebooksíðu: <https://www.facebook.com/Upptakturinn>

Krakkaruv

Tónverkin og viðtöl við þátttakendur frá árinu 2017: <http://krakkaruv.is/upptakturinn>

Myndband

Myndbandi [RuGI í Upptaktinum](#) má deila á heimasíðu og eða facebooksíðu skólans /félagsmiðstöðva og jafnvel á fulltrúa foreldrafélaga.

Nánari upplýsingar

Verkefnastjóri Upptaktsins er **Elfa Lilja Gísladóttir** sem veitir fúslega allar nánari upplýsingar í gegnum upptakturinn@gmail.com og síma 699-6789.

Skóla- og frístundastjórnendur, kennarar, foreldrar og forráðamenn eru eindregið hvattir til að

upplýsa, aðstoða og hvetja börn og ungmenni til að taka þátt í þessu skapandi og skemmtilega tónsmíðaverkefni.